

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 4. desember 2024

Mál nr. E-3217/2023:

**A sjálf og**

**A og**

**B**

**fyrir hönd tveggja ólögráða barna sinna,**

**C og**

**D**

*(Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður)*

**gegn**

**E,**

**vegna barnaverndarþjónustu F**

*(Guðmundur Siemsen lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember 2024, var höfðað 24. nóvember 2023. Stefnendur eru A sjálf og hún ásamt B, fyrir hönd tveggja ólögráða barna þeirra, C og D, öll til heimilis að [...] í [...]. Stefndi er E, vegna barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefndar) F, [...] í [...].

Stefnandi A krefst þess að stefndi greiði henni 90.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. október 2015 til 29. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi A þess að viðurkennd verði með dómi ábyrgð stefnda á varanlegu tjóni sem hún varð fyrir á tímabilinu 26. október 2015 til 12. maí 2023 við vistun barna hennar utan heimilis.

Þá krefjast stefnendur A og B þess, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, C, að stefndi greiði henni 90.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001

um vexti og verðtryggingu frá 26. október 2015 til 29. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig krefjast stefnendur A og B þess, fyrir hönd ólögráða sonar síns, D, að stefndi greiði honum 90.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. október 2015 til 29. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnenda og til vara að þær verði lækk- aðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda.

## I.

### *Helstu málsatvik*

Mál þetta á rætur að rekja til barnaverndarmáls sem hófst í október 2015 þegar C, dóttir stefnenda, lýsti í viðtali hjá sérkennslufulltrúa grunnskóla G ætluðum kynferðisbrotum stefnanda B gagnvart henni. Viðkomandi sérkennslufulltrúi tilkynnti málið samdægurs til barnaverndarnefndar (nú barnaverndarþjónustu) F sem hafði samband við Barnahús og lögreglu. Var stefnandi B í framhaldi af því handtekinn og úrskurðaður í fimm daga gæsluvarðhald. Þá voru bæði börn stefnenda, þ.e. umrædd dóttir þeirra og yngri bróðir hennar, D, vistuð tímabundið utan heimilis hjá H og I með samþykki stefnanda A, sem var þegar málið kom upp til meðferðar á [...] vegna kvíða og þunglyndis. Þegar umrætt barnaverndarmál hófst var stúlkan sjö ára að aldri og drengurinn fjögurra ára.

Framangreind vistun barnanna utan heimilis með samþykki stefnanda A stóð til 9. desember 2015. Hún samþykkti ekki framlengingu á vistun þeirra og ákvað barnaverndarnefnd að beita neyðarráðstöfun samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og úrskurðaði um neyðarvistun þeirra til 18. sama mánaðar. Þegar sú vistun rann sitt skeið fóru börnin svo aftur í umsjá stefnanda A en stefnandi B hafði þá flutt af heimili fjölskyldunnar. Áætlun um frekari meðferð málsins samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga var gerð 21. desember 2015, með áherslu á að börnin, einkum stúlkan, myndu ekki umgangast stefnanda B meðan sakamálarannsókn stæði yfir, nema að takmörkuðu leyti og þá um jól og áramót. Stefnandi A naut á þessum tíma ýmiss konar aðstoðar og tilsagnar, tók á móti tilsjón á heimili sínu, gekkst þar undir óboðað eftirlit starfsmanna barnaverndarnefndar F og lýsti því jafnframt yfir að hún væri samstarfsfús í þágu dóttur sinnar.

Hinn 12. janúar 2016 barst barnaverndarnefnd F svo bréf frá sálfræðingi í Barnahúsi vegna meðferðar stúlkunnar þar. Í því bréfi kemur fram að staðan sé sú að stúlkan sé í samskiptum við meintan geranda sem sé faðir hennar og njóti ekki stuðnings móður sinnar. Meðferðarviðtöl séu þar af leiðandi ekki líkleg til að skila árangri þar sem mikilvægt sé, þegar svo ung börn eigi í hlut, að umönnunaraðili taki þátt í meðferðarvinnunni og haldi áfram með hana á heimilinu.

Í framhaldi af framangreindu bréfi hófst umfangsmikil vinnsla á máli barna stefnenda hjá barnaverndarnefnd F líkt og framlögð gögn bera vott um. Til grundvallar þeirri vinnslu í upphafi lá einkum það mat barnaverndarnefndar að stefnandi A væri ekki til samvinnu og sýndi dóttur sinni ekki viðhlítandi stuðning. Fór svo að börnin voru m.a. bæði ítrekað vistuð utan heimilis án samþykkis foreldra þeirra, fyrst eingöngu stúlkan, frá 3. febrúar 2016, og þegar á leið einnig drengurinn, frá 1. september 2016, á heimili þeirra H og I, auk þess sem ákveðnum úrræðum var beitt börnunum til stuðnings. Þeim var til að mynda skipaður talsmaður, auk þess sem þau gengust undir meðferðarviðtöl. Voru úrskurðir barnaverndarnefndar F um vistun barnanna utan heimilis ítrekað staðfestir af dómstólum, auk þess sem dómstólar úrskurðuðu um lengri tíma vistunar. Eftir að drengurinn var vistaður utan heimilis greindi hann einnig frá kynferðisbrotum stefnanda B gagnvart sér. Var það í framhaldinu tilkynnt lögreglu.

Gefin var út ákæra á hendur stefnanda B í mars 2017 þar sem honum voru gefin að sök kynferðisbrot gegn báðum börnum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember 2017 var hann sýknaður af öllum sakargiftum. Í dóminum kemur m.a. fram að stefnandi B hafi staðfastlega neitað sök, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, og að framburður hans sé að mati dómsins á engan hátt ótrúverðugur. Þá séu engin gögn er styðji frásagnir barnanna um að stefnandi B hafi beitt þau kynferðislegu ofbeldi. Í tilviki stúlkunnar var í því sambandi sérstaklega vísað til þess að framburður hennar fengi ekki stoð í vitnisburði þeirra lækna sem hefðu skoðað hana. Þá var í tilviki beggja barna vísað til þess að þegar skýrsla hafi fyrst verið tekin af þeim fyrir dómi með aðstoð sérfræðinga 29. október 2015, þremur dögum eftir að stúlkan hafi lýst ætluðum brotum fyrir áður greindum sérkennslufulltrúa, hafi hvorugt þeirra greint frá neinum brotum stefnanda B gegn þeim. Einnig var litið til þess að þegar stúlkan gaf þann framburð sem byggt var á í ákæru hafi hún verið búin að vera samfellt vistuð hjá þeim H og I í sex mánuði. Var það niðurstaða dómsins að ekki hefðu verið færðar viðhlítandi sönnur á, svo hafið væri yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að

stefnandi B hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum væri gefin að sök í ákæru. Dóminum var ekki áfrýjað.

Eftir að ákæra á hendur stefnanda B var gefin út, en áður en framangreindur dómur féll, ákvað barnaverndarnefnd F með bókun að gerð yrði krafa fyrir dómi um að stefnendur yrðu varanlega svipt forsjá beggja barna. Stefndi E vegna barnaverndarnefndar F höfðaði svo mál á hendur stefnendum 22. september 2017 og krafðist þess að þau yrðu svipt forsjá barnanna. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júlí 2018 voru stefnendur svipt forsjá beggja barna. Þeim dómi var áfrýjað til Landsréttar sem ómerkti dóminn og vísaði málinu aftur heim í hérað.

Þegar málið var undir áfrýjun í Landsrétti úrskurðaði barnaverndarnefnd F 16. ágúst 2018 á grundvelli 4. mgr. 74. gr. barnaverndarlaga að umgengni barnanna við stefnanda A skyldi vera einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn undir eftirliti þar til Landsréttur kvæði upp dóm sinn. Aftur úrskurðaði nefndin 10. maí 2019 á grundvelli sama lagaákvæðis að umgengni barnanna við stefnanda A skyldi vera óbreytt. Þá skyldu ömmur barnanna eiga kost á að taka þátt í umgengni stefnanda A við þau fjórum sinnum á ári, á stórhátíðum og afmælum. Á hinn bóginn skyldi engin umgengni vera við stefnanda B. Úrskurðurinn gildi uns lokaniðurstaða dómstóla lægi fyrir um skipan forsjár barnanna.

Með nýjum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júní 2019 var svo komist að sömu niðurstöðu og í fyrri dómi. Var niðurstaða dómsins að verulegu leyti byggð á matsgerð J sálfræðings, dagsettri 12. maí 2018, sem dómkvaddur var undir rekstri málsins til að framkvæma mat á forsjárhæfni stefnenda. Meginniðurstöður matsgerðarinnar voru þær að ýmislegt hefði mátt fara betur í umönnun og uppeldi barnanna. Veikleikar væru í forsjárhæfni beggja foreldra en erfitt væri að meta þá vegna þess hvernig málið væri vaxið og að ekki hefði náðst samvinna við þau í upphafi. Andleg vanlíðan stefnanda A hefði haft áhrif á getu hennar til að sinna börnunum og sömuleiðis fjarvistir stefnanda B vegna vinnu. Þá hefðu vaknað grunsemdir um kynferðisofbeldi stefnanda B, sem flækt hefði málið, en börnin hefðu verið samkvæm sjálfum sér um að eitthvað hefði gerst. Þau óttuðust stefnanda B og vildu ekki hitta hann. Útilokað hafi verið að meta tengsl bananna við stefnanda B með beinum hætti þar sem ekkert samband hafi verið á milli þeirra í langan tíma. Tengslamyndun stefnanda A við börnin væri skert og þá einkum tengsl hennar við stúlkuna. Tengslarof hafi orðið þegar börnin hafi verið tekin af heimilinu og foreldrum nær algjörlega haldið fyrir utan umönnun þeirra síðustu tvö árin. Börnin hafi

á þessum tíma myndað djúpstæð tengsl við vistforeldra sína, H og I, og virðist upplifa þar öryggi, ást og hlýju. Enn fremur er í niðurstöðukafla dómsins vísað til þess að í viðtali dómara við börnin hvort um sig hafi þau bæði lýst því að vilja búa áfram hjá H og I en vilji stúlkunnar að því leyti hafi þó verið einarðari en drengsins. Loks er niðurstaða dómsins rökstudd með því að ótti barnanna við stefnanda B virðist af einhverjum ástæðum vera raunverulegur og að stúlkan treysti ekki stefnanda A til að veita þeim fullnægjandi vernd. Þá eru í niðurstöðukafla dómsins gerðar margvíslegar athugasemdir við málsmeðferð barnaverndarnefndar F í málinu en þeir annmarkar þó ekki taldir þess eðlis að þeir gætu leitt til annarrar niðurstöðu. Var í því sambandi m.a. vísað til athugasemda sem Barnaverndarstofa hefði gert að því leyti, þess að nokkuð skorti á að vinnsla málsins hafi verið í samræmi við það hvernig standa eigi að könnun mála og gerð áætlana, börnin hafi um tíma verið vistuð á heimili sem ekki hafi haft tilskilin leyfi, starfsmenn barnaverndarnefndar F hafi ítrekað fjallað um meint brot stefnanda B gagnvart börnunum eins og sönnuð væru áður en dómur hafi gengið og að stefnandi A hafi ekki notið sannmælis hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar og þeir lítið aðhafst til að styrkja tengsl hennar við börnin.

Umræddum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var einnig áfrýjað til Landsréttar. Með dómi Landsréttar 1. nóvember 2019 voru stefnendur sýknuð af kröfu stefnda E vegna barnaverndarnefndar F. Í niðurstöðukafla dóms Landsréttar kemur fram að framangreind niðurstaða héraðsdóms hafi að verulegu leyti byggt á frásögn barnanna við ýmsa aðila sem hafi verið í samskiptum við þau vegna málsins og að ekkert sé fram komið um að ótti stúlkunnar við stefnanda B kunni að stafa af öðru en meintum kynferðisbrotum sem hann hafi verið sýknaður af. Þá kemur fram að við mat á því hversu mikið vægi meintum vilja barnanna verði gefið í málinu þurfi að hafa í huga að börnin hafi verið lengi vistuð utan heimilis. Umgengni þeirra við stefnanda A hafi verið afar takmörkuð og við stefnanda B nánast engin. Þá verði að meta hvort þau hafi aldur og þroska til að skilja langvarandi víðtækar afleiðingar þess að verða varanlega tekin úr forsjá foreldra sinna. Enn fremur þurfi að huga að því hvernig meintur vilji þeirra hafi myndast. Ætla megi að hann hafi mótast að einhverju marki af því að umgengni hafi lengst af farið fram undir eftirliti sem kunni að hafa átt þátt í að móta þann skilning þeirra að þeim sé ekki óhætt í umsjá stefnanda A án þess að utanaðkomandi aðili sé viðstaddur. Að þessu virtu geti vilji barnanna ekki ráðið úrslitum í málinu. Enn fremur er vikið að því að ekki fáist séð að marktækar tilraunir hafi verið gerðar til að auka umgengni

barnanna við stefnanda A, styrkja forsjárhæfni hennar eða aðlaga börnin að heimili hennar né heldur að skoðað hafi verið hvort forsendur hafi verið til þess að koma aftur á samskiptum barnanna við stefnanda B eftir að sýknudómur féll. Þá hafi, líkt og fram komi í athugasemdum Barnaverndarstofu, málsmeðferðarreglur ítrekað verið brotnar við meðferð málsins. Taldi Landsréttur að þessu virtu óhjákvæmilegt að líta svo á að barnaverndarnefnd F hefði ekki sýnt fram á að ekki hafi verið unnt, eftir að sýknudómur féll, að beita öðrum og vægari úrræðum en varanlegri forsjárviptingu í málinu til þess að tryggja friðhelgi fjölskyldunnar og hagsmuni barnanna í samræmi við þau megin-sjónarmið sem lög um barnavernd byggist á.

Í framhaldi af framangreindum dómi Landsréttar átti sér stað nokkur vinnsla á máli barna stefnanda hjá barnaverndarnefnd F með það fyrir augum að börnin mundu snúa aftur í umsjá foreldra sinna og aðlögun að því leyti. Voru börnin á meðan á því stóð áfram vistuð utan heimilis, fyrst án samþykkis og síðar með samþykki stefnanda, þar sem líðan barnanna þótti gefa tilefni til rúms aðlögunartíma.

Í málinu liggur frammi áætlun um meðferð máls samkvæmt 33. gr. barnaverndarlagu, dagsett 5. nóvember 2019, þar sem fram kemur að markmið hennar sé að vinna að aukinni umgengni stúlkunnar við stefnanda A með það fyrir augum að stúlkan flytji heim til hennar. Þá er þar gerð grein fyrir nánara fyrirkomulagi ráðgerðrar umgengni og tiltekið að umgengni skuli vera án eftirlits og til að byrja með vikuleg. Enn fremur sé fyrirhugað að fá viðtöl fyrir stúlkuna hjá sálfræðingi í því skyni að greina þann ótta sem hún lýsi við stefnanda B og byggja upp traust hennar til stefnanda A. Loks segir þar að ekki sé gert ráð fyrir umgengni við stefnanda B fyrr en aðlögun að heimili stefnanda A sé vel á veg komin enda neiti stúlkan að hitta hann. Þá liggja frammi skýrslur K félagsráðgjafa um umgengni barnanna við stefnanda A á tímabilinu frá 14. nóvember 2019 til 27. janúar 2020 sem af þeim að dæma var falið það hlutverk að vera viðstödd þegar stefnandi A kom að sækja börnin á heimili H og I. Af þeim skýrslum má ráða að það gekk í meginatriðum vel að sækja drenginn í umgengni en stundum gekk erfiðlega að sækja stúlkuna og fór hún af þeim sökum í einhverjum tilvikum ekki í fyrirhugaða umgengni.

Hinn 19. desember 2019 gerði barnaverndarnefnd F samning við L félags- og fjölskylduráðgjafa um aðlögun beggja barna að heimili stefnanda A. Í málinu liggja fyrir tvær áætlanir hennar því viðvirkjandi, dagsettar 20. janúar og 1. mars 2020. Í fyrri áætluninni var ákveðið að stúlkan færi í umgengni til stefnanda A næstu þrjú mánudaga

í tvo tíma í senn, drengurinn næstu þrjá miðvikudaga í þrjá tíma í senn og börnin svo bæði saman næstu þrjá laugardaga og sunnudaga í allt að fjóra og hálfan tíma í senn. Í síðari áætluninni er því svo lýst að umrædd umgengni hafi gengið eftir að öðru leyti en því að í eitt skipti hafi stúlkan verið veik og því ekki farið í umgengni og að í tvö skipti hafi hún ekki viljað fara í umgengni. Þá kemur samandregið fram að sú umgengni sem fram hafi farið hafi gengið vel. Loks var í umræddri áætlun ákveðin umgengni næstu sex vikur með áþekkingu hætti og í fyrri áætlun, þó þannig að tími umgengni hverju sinni var lengdur auk þess sem ákveðið var að drengurinn skyldi í tvígang gista hjá stefnanda A.

Framlögð gögn bera með sér að börnin hafi á þessum tíma bæði verið einörð í þeirri afstöðu sinni að vilja búa áfram á heimili H og I. Þá bera framlögð gögn með sér að stúlkan hafi á þessum tíma jafnan lýst því að hún teldi hæfilegt að fara í umgengni til stefnanda A einu sinni í mánuði sem og á hátíðisdögum en að hún vildi ekki eiga samskipti við stefnanda B. Drengurinn hafi hins vegar lýst því að hann vildi gjarnan fara oftari í umgengni til stefnanda A. Framlögð gögn bera ekki með sér að drengurinn hafi á þessum tíma verið inntur sérstaklega eftir því hvort hann vildi eiga samskipti við stefnanda B.

Barnaverndarnefnd F óskaði eftir leyfi til að áfrýja framangreindum dómi Landsréttar til Hæstaréttar. Hæstiréttur veitti áfrýjunarleyfi 17. desember 2019 á þeim grunni að málið hefði verulegt almennt gildi á viðkomandi réttarsviði, einkum að því er varðaði hversu mikið vilji barns ætti að vega í málum er snertu það með tilliti til aðstæðna allra. Með dómi Hæstaréttar 10. mars 2020 voru stefnendur svo svipt forsjá beggja barna. Í dómi réttarins er m.a. vísað til þess að í málinu liggi fyrir fjölmörg gögn ýmissa fagaðila um stefnendur og börn þeirra, þar sem fram komi upplýsingar um líðan barnanna, heilsu þeirra og þroska á þeim tíma sem um ræði. Þá hafi börnin reglulega lýst vilja sínum um málefni sín, þar á meðal um búsetu og umgengni við foreldra sína. Af þessum gögnum verði með engum hætti dregin önnur ályktun en að börnin hafi við alla meðferð málsins verið afdráttarlaus um að þau vilji ekkert samneyti eiga við stefnanda B. Beri gögnin með sér að þau óttist hann og hafi það verið álit dómkvadds matsmanns að sá ótti væri þeim raunverulegur. Jafnframt hafi börnin allan þann tíma sem þau hafi búið hjá H og I lýst þeirri afstöðu sinni að þar líði þeim vel og vilji búa þar áfram. Þá taldi rétturinn með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum, einkum mati dómkvadds matsmanns sem ekki hefði verið hnekkt, ljóst að upplifun beggja barnanna bæri með sér verulegan ótta við stefnanda B. Taldi rétturinn gögn málsins, einkum matsgerð dómkvadds matsmanns, enn fremur

bera með sér að forsjárhæfni stefnanda A væri skert og vandséð að henni væri unnt að byggja upp tengsl og traust við börnin að nýju. Þá hefðu börnin sýnt sterkan vilja til að búa áfram hjá H og I. Í dómi Hæstaréttar var tekið undir þær athugasemdir sem gerðar voru á fyrri dómstigum við meðferð málsins hjá barnaverndarnefnd F, auk þess sem rétturinn taldi ýmsa ágalla vera á dómi Landsréttar.

Eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 10. mars 2020 var þeirri vinnu sem hafin var samkvæmt framansögðu með aðstoð L félags- og fjölskylduráðgjafa þegar í stað hætt og af gögnum málsins verður ekki ráðið að börnin hafi farið í umgengni til stefnanda A aftur fyrr en eftir að barnaverndarnefnd F úrskurðaði um umgengni 23. desember 2020. Í þeim úrskurði var kveðið á um að umgengni barnanna við stefnanda A skyldi vera fjórum sinnum á ári í sex klukkustundir í senn og að engin umgengni skyldi vera við stefnanda B. Var sú umgengni barnanna við móður sína sem fram fór í kjölfarið fyrst undir eftirliti en þegar á leið án eftirlits, auk þess sem hún var aukin. Framlögð gögn bera með sér að eftir því sem umgengni jókst hafi afstaða barnanna til áframhaldandi búsetu á heimili H og I. breyst umtalsvert og þau viljað snúa aftur í umsjá stefnanda A og taka upp samskipti við stefnanda B.

Stefnendur kvörtuðu til Mannréttindadómstóls Evrópu og töldu framangreindan dóm Hæstaréttar brjóta gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem væri m.a. ætlað að vernda rétt fjölskyldu til að búa saman á heimili, þ.m.t. rétt foreldra til að fara með forsjá og annast uppeldi barna sinna án utanaðkomandi afskipta frá stjórnvöldum. Í málinu héldu stefnendur því m.a. fram að niðurstaða Hæstaréttar hefði verið byggð á því að ásakanir um kynferðisbrot stefnanda hefðu verið sannar. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 15. nóvember 2022 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti stefnanda samkvæmt framangreindu ákvæði. Mannréttindadómstóllinn taldi Hæstarétt hafa tekið tillit til þess að stefnandi hefði verið sýknaður í áður nefndu sakamáli. Þá taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að hnekkja því mati Hæstaréttar að skilyrði til forsjárviptingar hefðu verið uppfyllt enda hefði það mat verið byggt á umfangsmiklum fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. matsgerð dómkvadds matsmanns sem aflað hefði verið eftir að sýknudómur í umræddu sakamáli gekk, auk þess sem dómstóllinn taldi afskipti barnaverndaryfirvalda hafa verið í samræmi við lög.

Hinn 4. apríl 2022 höfðaði stefnandi A mál gegn stefnda í þessu máli sem og þeim H og I sem stefnandi B gekk inn í með höfðun meðalgöngusakar 20. september

sama ár. Í málinu kröfðust þau þess í meginatriðum að fóstursamningi barnaverndarnefndar F við H og I um fósturvistun barna stefnenda yrði hnekkt og þeim falin forsjá barnanna að nýju. Undir rekstri þess máls var bæði aflað undirmatsgerðar og yfirmatsgerðar um forsjárhæfni stefnenda.

M sálfræðingur komst í meginatriðum að þeirri niðurstöðu í undirmatsgerði sinni, dagsettri 3. janúar 2023, að stefnandi A væri hæf til að fara með forsjá barnanna og að stefnandi B hefði burði til að efla hæfni sína að því leyti svo fremi sem fram færi markviss meðferðarvinna og aðlögun að samskiptum barnanna við hann á þeirra forsendum. Þá er í undirmatsgerðinni lýst versnandi líðan barnanna á heimili H og I. og vilja þeirra til að snúa aftur í umsjá stefnanda A og til að taka upp samskipti við stefnanda B, auk þess sem lýst er slakri heilsufarslegri, námslegri og félagslegri stöðu þeirra heilt yfir.

Í yfirmatsgerð sinni, dagsettri 17. apríl 2023, komust N og O sálfræðingar að sömu meginniðurstöðu varðandi forsjárhæfni stefnenda. Þá kemur fram að tengsl beggja barna við stefnanda A séu jákvæð og sterk og hið sama gildi um tengsl drengsins við stefnanda B. Þau vilji bæði afdráttarlaust snúa aftur í umsjá stefnanda A og eiga í samskiptum við stefnanda B. Í yfirmatsgerð er aukinheldur lýst neikvæðu viðhorfi barnanna til H og I og áframhaldandi búsetu á heimili þeirra sem og slökum tengslum við þau. Þá er haft eftir stúlkunni að H hafi sagt henni hvað hún ætti að segja í viðtölum sem og að hún minnst þess ekki að hafa einhvern tímann sagst líða betur hjá þeim en hjá móður sinni og telji líklegast að hún hafi smám saman farið að trúá því sem stefnda H hafi sagt um foreldra hennar. Enn fremur kemur fram að drengurinn hafi tekið í sama streng. Loks kemur fram að niðurstöður yfirmatsmanna varðandi alla matsliði styðji sterklega að breyting á forsjá sé réttmæt. Að endingu gera yfirmatsmenn margvíslegar athugasemdir við vinnslu málsins á fyrri stigum, þar á meðal ófullnægjandi rannsókn ákveðinna atriða og að umgengni barnanna við stefnanda A hafi verið skert þrátt fyrir að sú takmarkaða umgengni sem fram hafi farið hafi gengið vel sem og að umgengni við stefnanda B hafi verið engin þrátt fyrir sýknudóm yfir honum.

Umræddu máli stefnenda gegn stefnda og þeim H og I lauk með dómsátt 5. maí 2023 þar sem m.a. er kveðið á um að stefnendur skuli fara sameiginlega með forsjá barnanna. Börnin sneru aftur í umsjá stefnanda A án teljandi aðlögunar um miðjan maí 2023 en stefnandi B vék af sameiginlegu heimili þeirra fyrst um sinn. Hann kom aftur inn á heimilið í lok þess mánaðar og býr fjölskyldan nú öll saman. Stefnendur höfðuðu svo mál þetta sem fyrr greinir 24. nóvember 2023.

## II.

### *Málsástæður stefnenda*

Stefnendur byggja á því að með málsmeðferð barnaverndarnefndar F hafi verið vegið með ólögmætum hætti að stjórnarskrárvörðum réttindum þeirra til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þótt lagaheimild sé að finna í barnaverndarlögum nr. 80/2002 til að grípa inn í friðhelgi fjölskyldu þegar nauðsyn standi til beri ávallt að gæta að lögum og málsmeðferðarreglum í þeim aðgerðum og aldrei sé heimilt að ganga lengra en nauðsyn krefji hverju sinni. Í þeirri meginreglu felist einnig að vistun barna eigi aldrei að standa lengur en þörf krefji, jafnvel þótt um forsjársviptingu sé að ræða.

Þá vísi stefnendur til þess að enda þótt barnaverndaryfirvöld kunni að hafa heimild til að hefja rannsókn ef grunur sé um ofbeldi þurfi í öllum tilvikum að gæta hófs í slíkum aðgerðum og freista þess að lágmarka tjón af slíkri rannsókn og aðgerðum barnaverndaryfirvalda yfirleitt. Stefnendur byggja á því að meðferð þess barnaverndarmáls sem hér um ræði hafi verið verulega áfátt og stefndi hafi af þeim sökum bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart stefndum.

Stefnendur byggja á því að lögbundnar takmarkanir og skyldur stjórnvalda við málsmeðferð séu settar til verndar borgurunum þegar stjórnvöld telji ástæðu til að takmarka réttindi þeirra og sé af þeim sökum sérlega alvarlegt þegar stjórnvöld brjóti lög og reglur í málsmeðferð í svo viðkvæmum málum. Þannig hafi meint afstaða barnanna, sem hafi m.a. haft verulegt vægi í dómi Hæstaréttar, bæði mótast og ráðist af löngum vistunartíma þeirra á meðan forsjársviptingarmálið hafi verið til meðferðar og barnaverndarnefnd F þar með farið offari gagnvart stefndum.

Þá byggja stefnendur á því að auk þess sem vistunin sjálf hafi verið ólögmæt og óþörf strax í upphafi, og í öllu falli þegar á hana hafi liðið, hafi málsmeðferðinni verið svo verulega ábótavant að það leiði eitt og sér einnig til bótaskyldu stefnda. Frumskylda barnaverndarnefndar sé að kanna mál með þeim hætti að í greinargerð um niðurstöðu könnunar komi fram hvort og þá hvaða úrbóta sé þörf, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sé þetta liður í ríkri rannsóknarskyldu stjórnvalda í þessum málaflokki, sbr. 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, 22. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 16. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004. Stefnendur byggja á því að barnaverndarnefnd F hafi brotið þessa skyldu sína við málsmeðferðina og

hvorki rannsakað málið nægilega vel né á skilvirkan hátt. Hafi það valdið stefnendum verulegu tjóni.

Krafa stefnenda um greiðslu skaðabóta byggi á sakarreglunni, þar sem stefndi hafi valdið stefnendum tjóni með saknæmum og ólögmætum hætti með töku og vistun barnanna utan heimilis frá því október 2015 fram í maí 2023 enda sé tjónið ótvírætt sennileg afleiðing af háttsemi stefnda.

Krafa stefnanda, A, um skaðabætur byggi á þeim þjáningum og erfiðleikum sem aðskilnaðurinn frá börnunum hafi haft í för með sér. Standi þessi liður í beinu samhengi við málsmeðferð barnaverndarnefndar F og hefði ekki komið til ef ekki hefði verið fyrir hinar ólögmætu aðgerðir hennar.

Þá byggist skaðabótakrafa stefnenda fyrir hönd barnanna á því sama og krafa stefnanda, A. Jafnframt byggist skaðabótakrafa barnanna á ábyrgð stefnda á afleiðingum af þeirri illu og vanvirðandi meðferð sem þau hafi orðið fyrir af hendi fósturfjölskyldunnar líkt og m.a. hafi verið staðfest í fyrirliggjandi yfirmatsgerð þeirra N og O sálfræðinga, dagsettri 17. apríl 2023.

Stefnendur byggi aðallega á því að aldrei hafi átt að vista börnin utan heimilis og því hafi vistunin verið ólögmæt frá upphafi. Ekki hafi verið uppfyllt skilyrði stafliða 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 til forsjárviptingar, en enginn þeirra eigi við í þessu máli. Þar skipti mestu máli að ekki sé heimilt að ákveða sviptingu forsjár nema áður hafi verið fullreynðar allar aðrar aðferðir til að styðja börnin og viðkomandi foreldri með samþykki þess, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Ekkert slíkt hafi verið reynt og ekkert hafi verið gert til að styðja börnin eða stefnanda A í sameiningu, svo sem með aðstoð sérfræðinga eða með fjölskylduráðgjöf áður en að ákveðið hafi verið að skilja börnin frá henni.

Stefnendur byggi á því að verulega hafi skort á að gætt væri að lögum og reglum við málsmeðferðina. Brotið hafi verið gegn mikilvægum öryggis- og verklagsreglum, svo sem rannsóknarreglu, meðalhöfsreglu og reglu um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Framangreint leiði til skaðabótaskyldu stefnda vegna tjóns stefnanda A, en byggt sé á því að bæði einstök brot gegn málsmeðferðarreglum og brestirnir samanlagt hafi leitt til verulegs óhagræðis og tjóns fyrir fjölskylduna alla, sem auðveldlega hefði mátt komast hjá ef barnaverndarnefnd F hefði farið að lögum. Umrædd brot hafi valdið því að stefnendur hafi ekki notið friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis. Stefnandi A hafi glímt við andlega vanlíðan sem lýsi sér í kvíða, þunglyndi og persónuleikabreytingum.

Háttsemi barnaverndarnefndar F hafi verið saknæm, ólögæt og valdið stefnanda ómældu tjóni. Stefndi E beri ábyrgð á því tjóni á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Þá leiði brot stjórnvalda gegn stjórnarskrárvörðum réttindum almennt til greiðslu miskabóta, án tillits til sakar, enda felist í því reglufest saknæmi, eins og ráða megi af dómaframkvæmd. Að auki séu skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu uppfyllt í málinu, sérstaklega þegar litið sé til reglu skaðabótaréttarins um uppsöfnuð mistök.

Það sé alveg ljóst að barnaverndarnefnd F hafi ekki brugðist við þegar frásagnir af því að börnunum liði ekki vel hjá fósturforeldrum hafi farið að berast. Þá hafi ekki á nokkurn hátt verið brugðist við þeim athugasemdum sem fram hafi komið í forsendum dómsins í sakamálinu gegn stefnanda, B. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir þennan harmleik hefði barnaverndarnefnd F brugðist strax við og kannað málið sjálfstætt.

Stefnandi A byggi viðurkenningarkröfu sína á því að hún hafi sem móðir verið grunuð um alvarleg brot gagnvart börnum sínum. Eðli máls samkvæmt hafi slík ásökun ein og sér verið verulegt áfall enda ekki á rökum reist. Þá hafi stefnandi A allan þann tíma sem börnin hafi verið vistuð á vistheimili ekki notið eðlilegrar umgengni við þau sem hafi aukið álag á henni og það áfall sem hún hafi orðið fyrir vegna framgangs starfsmanna barnaverndarnefndar F og ákvarðana nefndarinnar. Þannig hafi stefnandi A í nærfellt átta ár ekki notið friðhelgi einkalífs á heimili sínu með tilheyrandi andlegri vanlíðan og afleiðingum fyrir líðan hennar og heilsu. Afleiðingar þessa fyrir stefnanda A séu að hún hafi tapaði með öllu starfsgetu sinni, í öllu falli tímabundið, og hafi hún því þurft á starfsendurhæfingu að halda. Samkvæmt örorkumati stefnanda A búi hún auk annars við skertra vinnufærni, einbeitingarskort og önnur kvíðaeinkenni. Stefnandi A geri af þeim sökum kröfu um viðurkenningu á skaðabótaábyrgð vegna varanlegs líkamlegs og andlegs tjóns síns, sbr. 4. og/eða 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem hafi byrjað í ársbyrjun 2016 og hún eigi enn við að etja.

Vart þurfi að rökstyðja hversu alvarlegan og varanlegan skaða þessi háttsemi barnaverndarnefndar F hafi haft á stefnanda A og miski hennar verði ekki lagfærður þótt miskabætur verði dæmdar háar enda um að ræða tíma sem aldrei komi aftur og mannorðsmissi sem ekki verði bættur. Miskinn sé allsérstakur og líkist helst tjóni sem menn verði fyrir við langa fangelsisvist án réttmætrar sakar. Megi því um fjárhæð miskabóta líta til dóma og sáttargerða stjórnvalda um bætur í slíkum tilvikum.

Skilyrði fyrir sönnun tjóns með viðurkenningarkröfu í dómsmáli séu augljóslega uppfyllt. Miski stefnenda og heilsutjón sé augljóst og yfirmáta sem og vinnutap stefnanda A og annar kostnaður sem hún hafi haft af máli þessu.

Stefnendur byggi á því að stjórnarsýslumeðferð barnaverndarnefndar F í máli þeirra hafi í heild sinni verið háð verulegum lagalegum annmörkum og hafi valdið þeim miska og öðru fjártjóni. Stefndi E beri ábyrgð á því tjóni í ljósi vinnuveitendaábyrgðar. Því krefjist stefnendur þess að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim bætur í samræmi við dómkröfur þeirra.

Framangreindu til stuðnings vísa stefnendur til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, almennu sakarreglunnar og meginreglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. Auk þess vísa þau til 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, 8. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og ákvæða barnaverndarlaga nr. 80/2002, sérstaklega I. kafla laganna. Vaxtakröfur styðja stefnendur við 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og IV. kafla, sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Loks vísa stefnendur til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kröfu sinni um málskostnað til stuðnings.

### III.

#### *Málsástæður stefnda*

Stefndi telur hvorki fullnægt skilyrðum 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þannig að fallast megi á kröfu stefnenda um miskabætur, skilyrðum fyrir skaðabótaábyrgð stefnda né skilyrðum 25. gr. laga nr. 91/1991 fyrir höfðun máls á hendur stefnda til viðurkenningar á skaðabótaskyldu. Þá telji stefndi blasa við að miska- og skaðabótakröfur stefnenda hafi allt að einu verið fallnar niður fyrir fyrningu þegar málið hafi verið höfðað, enda byggi stefnendur sjálf að meginstefnu á því að meint tjón þeirra megi rekja til málsmeðferðar barnaverndarnefndar F á árunum 2015 til 2017.

Skilja verður málatilbúnað stefnenda þannig að þau telji meint tjón sitt afleiðingu af nokkrum ótilgreindum ákvörðunum barnaverndarnefndar F á tæplega átta ára tímabili, þ.e. frá október 2015 til maí 2023. Í stefnu sé þó engin sérstök sundurliðun á dómkröfum stefnenda með tilliti til einstakra athafna eða athafnaleysis starfsmanna nefndarinnar, en stefnendur hefðu með réttu þurft að haga málatilbúnaði sínum með þeim hætti, m.a. til þess að stefndi gæti tekið til fullnægjandi varna, m.a. með hliðsjón af fyrningarreglum og reglum skaðabótaréttarins um orsakatengsl. Stefndi veki í þessu sambandi athygli á að fjárkröfur stefnenda séu gerðar með vöxtum frá 26. október 2015.

Þá bendi stefndi á að samkvæmt dómaframkvæmd sé forsenda fyrir beitingu heimildar 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að sá sem hafi uppi kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu leiði nægilegar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilgreindu tilefni og geri grein fyrir því í hverju tjónið felist og tengslum þess við atvik málsins. Stefndi telji þessu skilyrði trauðla vera fullnægt í málatilbúnaði stefnenda. Í stefnu sé tjón stefnenda sagt hafa fallið til á tímabilinu 26. október 2015 til 12. maí 2023, en enga fullnægjandi umfjöllun sé að finna í stefnu um það um hvaða fjártjón sé að ræða, hvenær það hafi orðið eða hvernig megi rekja það til einhverrar tiltekinnar saknæmrar og ólög-mætrar háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F.

Stefndi bendi á að samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skuli í stefnu greina svo glögg sem verða megi málsástæður sem stefnandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik sem þurfi að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst. Í þessum áskilnaði laganna hafi verið talið felast að ljóst þurfi að vera hvaða samhengi sé á milli kröfugerðar í stefnu, lýsingar á málsástæðum og málatilbúnaðar að öðru leyti. Stefndi telji málatilbúnað stefnenda að þessu leyti ekki fullnægja þeim kröfum sem til hans séu gerðar samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 þannig að varðað geti frávísun dómkrafna stefnenda án kröfu.

Stefndi krefjist sýknu af fjárkröfu stefnanda A, sem skilja verði þannig að gerð sé krafa um miskabætur úr hendi stefnda. Stefndi bendi á að enginn grundvöllur sé til þess að fallist verði á sjónarmið stefnenda um greiðslu miskabóta án sakar. Stefndi telji enga stranga bótareglu eiga við í málinu og allra síst reglu um hlutlæga ábyrgð eins og stefnendur virðast vilja byggja á, án þess þó að færa nokkur fullnægjandi rök fyrir tilvist slíkrar reglu í málinu.

Stefndi byggir á því að stefnendur verði að sýna fram á að starfsmenn barna-verndarnefndar F hafi sýnt af sér einhverja ólögmæta og saknæma háttsemi í skilningi skaðabótaréttarins til þess að fallist verði á miskabótakröfur stefnenda. Nánar tiltekið þurfi stefnendur að sýna fram á ásetning eða stórfellt gáleysi starfsmanna nefndarinnar í hverju einstöku tilviki til þess að fallist verði á miskabótakröfur þeirra samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Kröfur stefnenda byggist á þeirri fullyrðingu að meðferð barnaverndarmálsins hafi verið verulega áfátt sem leiði til skaðabótaskyldu stefnda, m.a. hafi vistun barnanna utan heimilis verið ólögmæt og óþörf í upphafi, auk þess sem málsmeðferðinni hafi verið „svo verulega áfátt að það leiði eitt og sér einnig til bótaskyldu stefnda“. Stefndi bendi á

að í stefnu skorti aftur á móti verulega á að fullnægjandi grein sé gerð fyrir því í hverju meintir annmarkar á málsmeðferð barnaverndarnefndar F eigi að hafa falist og hvernig þeir annmarkar geti hafa leitt til meints tjóns stefnenda.

Í stefnu málsins sé látið að því liggja að barnaverndarnefnd F hafi brotið gegn rannsóknarskyldu sinni, sem kveðið sé á um í 22. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 16. gr. reglugerðar nr. 56/2004, um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Í stefnu segi jafnframt að verulega hafi skort á að nefndin hafi gætt að lögum og reglum við málsmeðferðina og brotið hafi verið gegn mikilvægum öryggis- og verklagsreglum, svo sem rannsóknarreglu, meðalhófsreglu og reglu um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda sem leiði til bótaskyldu stefnda. Þá hafi ekki verið til staðar skilyrði til að vista börnin utan heimilis og að ekki hafi verið til staðar skilyrði til sviptingar forsjár samkvæmt barnaverndarlögum.

Stefndi hafni þeim málalíbúnaði stefnenda sem röngum og ósönnuðum og andmæli því sérstaklega að starfsmenn barnaverndarnefndar F hafi sýnt af sér ásetning eða verulegt gáleysi við meðferð málsins sem falið hafi í sér ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnenda, þannig að réttlætt geti kröfu um miskabætur. Því sjónarmiði að nefndin hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda A við meðferð málsins sé andmælt sérstaklega. Við meðferð málsins hafi raunar sérstök áhersla verið lögð á upplýsingagjöf og aðstoð við stefnanda A eins og endurspeglit m.a. í boði um aðstoð til stefnanda sem fram komi í framlagðri meðferðaráætlun, dagsettri 21. desember 2015. Þá hafi stefnandi A jafnframt notið lögmannsaðstoðar við meðferð málsins og hún því vel getað gert sér grein fyrir stöðu málsins hverju sinni.

Þá byggi stefndi á því að allar ákvarðanir sem teknar hafi verið um meðferð málsins, að svo miklu leyti sem þær hafi verið á forræði barnaverndarnefndar F, hafi verið teknar á grundvelli ítarlegrar rannsóknar á málinu og á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem fyrir hafi legið hverju sinni, í samræmi við málsmeðferðarreglur barnaverndarlaga og stjórnarsýsluréttarins, í því skyni að tryggja sem best hagsmuni barnanna sem um ræði.

Óhjákvæmilegt sé að benda á að fyrsta vistun barnanna utan heimilis haustið 2015 hafi verið tekin með samþykki stefnanda A í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga. Sú ráðstöfun geti því með engu móti talist ólögmæt eða saknæm þannig að valdið geti skaðabótaskyldu stefnda. Fyrsta ákvörðun um vistun barnanna utan heimilis í óþökk stefnanda A hafi verið tekin í byrjun desember 2015 en þá hafi verið úrskurðað

um neyðarvistun til 18. desember s.á. á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga. Á sama tíma hafi verið tekin ákvörðun um tilhögun umgengni barnanna við stefnanda A.

Í áætlunum barnaverndarnefndar F um meðferð málsins hafi upphaflega verið gert ráð fyrir að börnin yrðu aðeins vistuð tímabundið utan heimilis á meðan á rannsóknarviðtölum í Barnahúsi stæði, en börnin hafi farið aftur á heimili sitt hinn 17. desember 2015. Þá hafi umræddar áætlanir jafnframt gert ráð fyrir að stefnandi A fengi stuðning á heimilinu og sé fullyrðingum í stefnu um annað mótmælt sérstaklega. Rannsókn málsins hafi síðan leitt í ljós að stefnandi A vildi hvorki þiggja aðstoð á heimilinu né sinna því að stúlkan mætti til áframhaldandi skýrslu- og meðferðarviðtala í Barnahúsi, auk þess sem stefnandi hafi gengist við því að hafa gert stúlkunni ljóst að það væri vegna frásagnar hennar sem stefnandi B gæti ekki búið á heimilinu líkt og framlögð gögn beri vott um.

Á grundvelli þeirra upplýsinga hafi verið kveðinn upp úrskurður um að stúlkan skyldi tekin af heimili stefnanda að nýju í febrúar 2016 og vistuð á vegum barnaverndarnefndar F í tvo mánuði. Sá úrskurður hafi verið staðfestur af héraðsdómi í mars s.á. en drengurinn áfram verið á heimili stefnanda. Vistun stúlkunnar hafi síðar verið framlengd um sex mánuði og sú ráðstöfun staðfest af héraðsdómi í apríl 2016 með vísan til þeirra forsendna að stefnandi A hefði varpað ábyrgð á málinu og aðstöðu fjölskyldunnar yfir á stúlkuna, auk þess sem vísað hafi verið til breytinga á líðan stúlkunnar, reglulegra samskipta við stefnanda B og fleiri atriða sem þótt hafi benda til að stefnandi A væri ekki líkleg til að sýna stúlkunni stuðning á heimilinu. Úrskurður héraðsdóms hafi síðar verið staðfestur af Hæstarétti.

Stefnandi A hafi svo ekki mætt í boðuð viðtöl hjá barnaverndarnefnd F vegna tilkynninga um líðan drengsins, auk þess sem nefndinni hafi borist tilkynningar um vanrækslu á heimilinu og að stefnendur byggju enn saman þrátt fyrir fullyrðingar um annað. Á grundvelli þess hafi verið tekin ákvörðun um vistun drengsins utan heimilis í tvo mánuði á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga. Um miðjan september 2016 hafi svo ákvörðun verið tekin um að drengurinn skyldi vistaður utan heimilis á meðan hann gengist undir meðferðarviðtöl í Barnahúsi, en hann hafi þá verið búinn að greina frá meintum kynferðisbrotum stefnanda B.

Skýrsla P, sérfræðings í klínískri sálfræði, hafi legið fyrir í byrjun nóvember 2016 og niðurstöður hennar verið þær að stefnanda A skorti burði til að fara með forsjá barnanna. Í desember 2016 hafi verið teknar ákvarðanir um áframhaldandi vistun

barnanna utan heimilis, sem staðfestar hafi verið af bæði héraðsdómi og Hæstarétti, einkum með vísan til hinna alvarlegu ásakana barnanna á hendur stefnanda B, afstöðu stefnanda A sem dregið hafi frásögn barnanna í efa og tregðu hennar til samstarfs við starfsmenn barnaverndarnefndar F.

Stefndi byggji á því að málsmeðferðin fram að þessu og áframhaldandi vistun barnanna utan heimilis hafi byggst á lögmætum sjónarmiðum og megi ekki síst rekja til afstöðu stefnanda A sjálfra, sem hefði verið í lófa lagið að þiggja fram boðna aðstoð og ráðgjöf til að tryggja að líkamlegri eða andlegri heilsu barnanna eða þroska væri ekki hætta búin.

Í stefnu sé ranglega látið að því liggja að umgengni barnanna við stefnanda A hafi legið niðri á meðan þau hafi verið vistuð utan heimilis. Hið rétta sé að umgengni hafi farið fram samkvæmt ákvörðunum barnaverndarnefndar F með nokkuð reglubundnum hætti. Umgengni hafi þó stundum fallið niður af þeirri ástæðu að börnin vildu ekki fara í umgengni til stefnanda A líkt og framlögð gögn beri vott um.

Í júlí 2017 hafi barnaverndarnefnd F tekið ákvörðun um að krefjast þess fyrir héraðsdómi að stefnendur yrðu svipt forsjá barnanna, enda hafi gögn málsins þótt benda til þess að þau skorti hæfi til að fara með forsjá þeirra og hagsmunir barnanna krefðust þess að slík krafa yrði gerð. Byggi stefndi á að ákvörðunin hafi að öllu leyti samræmt málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga og stjórnarsýslulaga. Vegna málatilbúnaðar stefnanda skuli sérstaklega tekið fram að ákvörðunin hafi ekki einkum byggt á meðferð sakamálsins gegn stefnanda B eins og gögn málsins beri afdráttarlaust með sér.

Undir rekstri þess máls hafi verið staðfest með forsjárhæfnimati að stefnendur skorti hæfi til að fara með forsjá barnanna. Dómur hafi verið kveðinn upp í málinu í júlí 2018 og stefnendur svipt forsjá barnanna. Landsréttur hafi aftur á móti sýknað stefnendur af kröfum um forsjárviptingu með dómi í nóvember 2019. Ástæða sé til að vekja athygli á að barnaverndarnefnd F hafi þegar að þeim dómi gengnum hafist handa um að gera áætlun um meðferð málsins í samræmi við 33. gr. barnaverndarlaga, sem miðað hafi að því að börnin yrðu aftur undir forsjá stefnanda á heimili stefnanda A. Stefndi bendi á að þetta sýni afdráttarlaust hvernig málsmeðferð hafi ávallt verið hagað til samræmis við upplýsingar og gögn málsins hverju sinni og í samræmi við málsmeðferðarreglur laga, svo sem um rannsókn máls og meðalhóf við töku íþyngjandi ákvarðana.

Í desember 2019 hafi verið undirritaður samningur um vinnslu málsins á milli barnaverndarnefndar F og L félags- og fjölskylduráðgjafa. Úrskurðað hafi verið um

áframhaldandi vistun barnanna á fósturheimilinu á meðan aðlögun þeirra færi fram að heimili stefnanda A, enda hafi líðan barnanna þótt gefa tilefni til rúms aðlögunartíma. Ástæða sé til að geta þess sérstaklega að ákvörðun um vistun barnanna á fósturheimilinu frá 6. janúar til 6. mars 2020 hafi verið tekin með samþykki stefnanda sjálfra, sem lýst hafi sig m.a. samþykki því að L myndi vinna að aðlögun barnanna á heimili stefnanda A.

Unnið hafi verið að áætlunum um aðlögun barnanna allt þar til dómur Hæstaréttar í forsjársviptingarmálinu hafi gengið í mars 2020. Með dóminum hafi verið fallist á kröfur stefnda um forsjársviptingu. Ranghermt sé í stefnu að þá hafi barnaverndarnefnd F lokað á umgengni við stefnanda A, en hið rétta sé að áætlanir hafi gert ráð fyrir umgengni sem oft hafi þó fallið niður vegna afstöðu barnanna sjálfra. Á fundi barnaverndarnefndar F í desember 2020 hafi verið bókað um umgengni stefnanda A við börnin í samræmi við óskir stúlkunnar og tillögur gerðar að umgengni föðurömmu. Stefnendur hafi ekki brugðist við bókuninni og því ekki reynst unnt að gera samning um umgengni. Hafi því verið úrskurðað um umgengni og sá úrskurður síðar staðfestur af úrskurðarnefnd velferðarmála.

Barnaverndarnefnd F hafi skipað börnunum talsmann við meðferð málsins í samræmi við fyrirmæli 46. gr. barnaverndarlaga og talsmaður skilað fjölmörgum skýrslum um viðtöl sín við börnin og afstöðu þeirra til málsins. Þá hafi nefndin haft reglubundið eftirlit með vist- og fósturheimilinu í samræmi við ákvæði laganna.

Fullyrðingum stefnanda um að aðbúnaði og umönnun barnanna hafi verið ábótavant á vist- og fósturheimilinu sé sérstaklega mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Stefndi bendi á að í skýrslum talsmanns barnanna komi ekkert fram sem gefi tilefni til að draga slíkar ályktanir heldur þvert á móti eindreginn vilji þeirra til að búa áfram á heimilinu. Óánægju barnanna hafi fyrst gætt þegar fósturforeldrar hafi takmarkað síma- og tölvunotkun þeirra, en þá hafi stefnandi A verið búin að vera í miklum eftirlitslausum samskiptum við börnin í gegnum tölvuforrit. Aðfinnslur barnanna þar að lútandi hafi ekki þótt gefa sérstakt tilefni til þess að gerðar yrðu breytingar á vistunarúrræðinu. Ástæða sé til að geta þess sérstaklega að ósannaðar fullyrðingar stefnanda um betri líðan barnanna eftir að dómsátt hafi verið gerð um að stefnendum yrði falin forsjá þeirra að nýju renni með engum hætti stoðum undir kröfugerð þeirra í málinu.

Stefndi byggi á því að öll meðferð málsins hafi verið í samræmi við og innan marka barnaverndarlaga og stjórnsýslulaga. Þá byggi stefndi jafnframt á því að jafnvel þótt talið yrði að málsmeðferð kunni að einhverju leyti að hafa verið áfátt hafi skilyrði

fyrir ákvörðunum um tímabundna vistun utan heimilis, kröfum fyrir áframhaldandi vistun utan heimilis, skipan umgengni og kröfu um forsjárviptingu engu að síður verið fullnægt og því geti ekki verið um að ræða neina saknæma og ólögmæta háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F sem falið hafi í sér ólögmæta meingerð.

Þá bendi stefndi á að í kröfugerð stefnenda felist í reynd krafa um að héraðsdómur taki til endurskoðunar forsendur og niðurstöðu héraðsdóms og Hæstaréttar Íslands, sem hafi þegar leyst úr því álitaefni hvort uppfyllt hafi verið skilyrði fyrir vistun barnanna utan heimilis og forsjárviptingu stefnenda, enda útilokað að fallist verði á bótaskyldu stefnda í málinu nema því aðeins að sýnt verði fram á að skilyrðunum hafi ekki verið fullnægt. Stefndi telji málatilbúnað stefnenda að þessu leyti stríða gegn meginreglu einkamálaréttarfars um skuldbindingargildi dóma í einkamálum, sbr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Vísi stefndi í þessu sambandi til þeirra úrskurða og dóma sem vikið hafi verið að en sérstaklega til dóms Hæstaréttar frá 10. mars 2020, þar sem rétturinn hafi talið skilyrði fyrir forsjárviptingu stefnenda uppfyllt, og dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 15. nóvember 2022, sem hafi ekki talið ástæðu til að hnekkja því mati Hæstaréttar heldur talið málsmeðferð barnaverndaryfirvalda hafa verið í samræmi við lög.

Í umræddum dómi Mannréttindadómstólsins, málsgrein 88, komi m.a. fram að sú ákvörðun að svipta stefnendur forsjá barnanna hafi byggst á miklu magni af gögnum, skýrslum, sálfræðilegum matsgerðum, skýrslutökum o.fl. sem legið hafi fyrir í málinu, þ.m.t. forsjárhæfnimati sem aflað hafi verið undir rekstri málsins, þar sem fram hafi komið að stefnendur væru hvorugt hæf til að fara með forsjá barnanna og að hvorugt þeirra hafi beiðst yfirmats á því mati. Jafnframt sé vísað til þess í dóminum, í málsgrein 92, að áður en til forsjárviptingar hafi komið hafi minna íþyngjandi aðgerðir verið reyndar, svo sem tímabundin vistun barnanna utan heimilis, stuðningur við stefnanda A og aðlögun barnanna að heimilinu með tilteknum skilyrðum. Heildarmat Mannréttindadómstólsins hafi verið að málið hafi verið unnið eftir nægilega ströngum málsmeðferðarreglum þar sem stefnendur hafi notið aðstoðar lögmannna og börnunum verið skipaður talsmaður.

Stefndi byggir á því að með úrskurðum héraðsdóms, dómum Hæstaréttar og dómi Mannréttindadómstólsins liggi þegar fyrir fullnægjandi staðfesting á því að málsmeðferðin hafi verið í samræmi við lög og þar með sé enginn grundvöllur fyrir kröfugerð stefnenda, enda hafi dómur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greini þar

til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferðar einkamála. Stefndi byggi á því að meðferð málsins hafi í öllum atriðum samræmst ákvæðum barnaverndarlaga og stjórnáslu og öðru fremur miðað að því að tryggja hagsmuni barnanna til samræmis við lögboðið hlutverk barnaverndarnefndar F og markmið laganna. Málsmeðferð nefndarinnar geti því á engan hátt talist ólögmat eða saknæm í skilningi skaðabótaréttarins þannig að leitt geti til skaðabótaskyldu stefnda.

Stefndi mótmæli fjárhæð miskabótakröfu stefnanda A sérstaklega sem of hárrí og órökstuddri, m.a. þar sem ekki sé samhengi á milli fjárkröfunnar og þess tíma sem börnin hafi verið vistuð utan heimilis í óþökk hennar. Tilvísun stefnanda til ótilgreindra dóma um miskabætur á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar ríkisins samkvæmt lögum um meðferð sakamála, vegna rannsóknar, sakfellingar og afplánunar langra fangelsisdóma, sem brotapolar höfðu verið sýknaðir af, sé sérstaklega mótmælt sem rangri enda sé ekkert samhengi á milli dómanna og máls þessa.

Stefndi krefjist sýknu af kröfu stefnanda A um að viðurkennt verði með dómi að stefndi beri ábyrgð á „varanlegu tjóni [sem] hún varð fyrir á tímabilinu 26. október 2015 til 12. maí 2023, við vistun barna hennar utan heimilis“, eins og það sé orðað í stefnu. Viðurkenningarkrafa stefnanda sé sögð byggð á því að hún „hafi sem móðir verið grunuð um alvarleg brot gagnvart börnum sínum“, eins og það sé orðað í stefnu, hún hafi ekki notið eðlilegrar umgengni við börnin á meðan þau hafi verið vistuð utan heimilisins og hún hafi ekki notið friðhelgi einkalífs á heimili sínu með þeim afleiðingum að hún hafi orðið fyrir varanlegu líkamlegu og andlegu tjóni í ársbyrjun 2016 sem enn vari. Vísi stefnandi til örorkumats sem sé þó ekki lagt fram í málinu og fullyrt að hún búi við skerta vinnufærni, einbeitingarskort og önnur kvíðaeinkenni.

Stefndi telji að engum skilyrðum sé að lögum fullnægt til að fallist verði á viðurkenningarkröfu stefnanda A, en skilja verði kröfugerð hennar þannig að hún fari fram á dóm um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda vegna meints fjártjóns síns. Stefndi byggi kröfu sína um sýknu af viðurkenningarkröfu stefnanda A á sömu sjónarmiðum og að framan greini varðandi miskabótakröfu hennar. Þá hafni stefndi sérstaklega fullyrðingum stefnanda um tilvist varanlegs líkamlegs og andlegs tjóns sem ósönnuðum. Að gefnu tilefni bendi stefndi jafnframt á að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að fullnægt sé skilyrðum skaðabótaábyrgðar um orsakatengsl við einhverja meinta saknæma háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F og meints tjóns stefnanda A. Í því sambandi bendi stefndi á að stefnandi A hafði glímt við alvarlegt þunglyndi og kvíða árum saman

áður en barnaverndarnefnd F hafði afskipti af högum barnanna haustið 2015 en þá hafi stefnandi A raunar verið í meðferð vegna framangreinds á [...]. Þá bendi stefndi jafnframt á að í umfjöllun í yfirmatsgerð, sem stefnandi A byggði sjálf á í málinu, komi fram að hún hafi ekki fundið til þunglyndi í lengri tíma og hyggist ekki sækja um endurnýjun örorkumats, enda vilji hún sækja út á vinnumarkað til lengri tíma litið þegar hún hafi lokið námi sem hún stundi.

Stefndi krefjist sýknu af kröfu stefnenda um skaðabætur fyrir hönd ólögráða barna þeirra með vísan til sömu sjónarmiða og rakin hafi verið í tengslum við sýknukröfu stefnda af kröfum stefnanda A. Skilja verði málatilbúnað stefnenda þannig að stefnendur geri kröfu um miskabætur úr hendi stefnda á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga. Að gefnu tilefni hafni stefndi sérstaklega sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum stefnenda um að börnin hafi sætt illri og vanvirðandi meðferð á fósturheimilinu. Stefndi átelji sérstaklega tilraunir stefnenda til þess að halda því fram að slík meðferð barnanna hafi verið staðfest í niðurstöðu áður nefndrar yfirmatsgerðar. Þá árétti stefndi að ekkert komi fram um óánægju barnanna eða illa meðferð þeirra í skýrslum talsmanna þeirra sem gætt hafi hagsmuna barnanna við meðferð málsins. Engra sannana njóti því við um þær fullyrðingar stefnenda í málinu og ekkert komi fram í niðurstöðum yfirmatsgerðar sem renni stoðum undir þær. Í því sambandi bendi stefndi á að yfirmatsmenn mæli m.a. með því að góðum tengslum barnanna við fósturforeldra verði viðhaldið og þeim gefinn kostur á að sækja heimilið þegar fram í sæki. Þá sé áréttað að í skýrslum talsmanna barnanna og víðar í gögnum málsins lýsi börnin ánægju sinni með veruna á vistheimilinu.

Þá geri stefndi þá athugasemd við stefnukröfur stefnenda fyrir hönd ólögráða barna sinna að fjárhæð krafna beggja barna sé hin sama þrátt fyrir að fyrir liggi að drengurinn hafi verið vistaður til umtalsvert skemmri tíma í úrræði á vegum barnaverndarnefndar F en stúlkan, auk þess sem fyrir liggi að börnin hafi a.m.k. tvívegis verið vistuð utan heimilis með samþykki stefnanda A. Í stefnu sé engin sérstök umfjöllun eða rökstuðningur fyrir fjárhæð miskabótakrafna, hvorki að þessu leyti né öðru. Málatilbúnaður stefnenda sé að þessu leyti verulega vanreifaður.

Samkvæmt stefnu er krafa stefnenda um greiðslu skaðabóta sögð byggja á almennu sakarreglunni, þar sem barnaverndarnefnd F „hafi valdið stefnanda [sic] tjóni með sagnæmum og ólögætum hætti með töku og vistun barnanna utan heimilis frá október 2015 til maí 2023“. Af vaxtakröfum stefnenda að dæma geri þau raunar ráð fyrir að tjón þeirra hafi allt fallið til þegar í októbermánuði 2015 án þess að það sé sérstaklega

rökstutt í stefnu. Stefndi bendi á að samkvæmt því byggi kröfur stefnenda um miskabætur úr hendi stefnda að meginstefnu á ákvörðunum sem teknar hafi verið um meðferð máls barnanna frá árslokum 2015 þegar börnin hafi fyrst verið vistuð utan heimilisins í óþökk stefnanda A og þar til ákveðið hafi verið að höfða mál á hendur stefnendum til sviptingar forsjár haustið 2017. Nánar tiltekið byggi stefnendur á því að við meðferð málsins hafi barnaverndarnefnd F brotið gegn málsmeðferðarreglum barnaverndarlaga og stjórnarsýslulaga, þ.m.t. með því að rannsaka málið ekki nægilega vel í öndverðu.

Stefndi vísi til þess að samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfu-réttinda, miðist upphafstími fyrningar skaðabótakröfu við það tímamark þegar tjónþoli hafi haft nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem beri ábyrgð á því eða hafi borið að afla sér slíkra upplýsinga. Í athugasemd með frumvarpi til laganna sé þetta skil-yrði skýrt þannig að það vísi til þess tíma sem tjónþoli hafi getað leitað fullnustu kröfu sinnar. Stefndi bendi jafnframt á að krafa um skaðabætur utan samninga stofnist að meginreglu þegar hin bótaskylda háttsemi eigi sér stað og miðist gjalddagi kröfunnar við sama tímamark. Stefndi bendi einnig á að börnin hafi upphaflega verið vistuð utan heim-ilis með samþykki stefnanda A í október 2015 og geti sú ráðstöfun því hvorki talist ólögmat né saknæm þannig að leitt geti til bótaskyldu stefnda. Ákvörðun um vistun barnanna utan heimilis án samþykkis hafi fyrst verið tekin í desember árið 2015 en þá hafi báðum börnunum verið komið fyrir tímabundið á vistheimili á vegum barna-verndarnefndar F. Frá málhöfðuninni haustið 2017 hafi engar frekari ákvarðanir verið teknar um „töku og vistun barnanna utan heimilis“, en frá þeim tíma hafi málið verið rekið fyrir dómi á öllum dómstigum þar til endanlegur dómur hafi gengið um forsjárviptingu stefnenda í Hæstarétti vorið 2020. Af því leiði að skilja verði mála-tilbúnað stefnenda þannig að hin meinta bótaskylda háttsemi í tengslum við „töku og vistun barnanna utan heimilis“ hafi átt sér stað á tímabilinu frá desember 2015 til haustsins 2017. Um sex ár hafi liðið frá því að barnaverndarnefnd F hafi síðast tekið ákvörðun um töku og vistun barnanna utan heimilis þar til mál þetta hafi verið höfðað. Hafi stefnendur á annað borð átt einhverjar skaða- eða miskabótakröfur á hendur stefnda hafi þær þegar verið fallnar niður fyrir fyrningu við það tímamark.

Í stefnu geri stefnendur fjárkröfu með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 26. október 2015 til 29. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Vaxtakröfu stefnenda sé mótmælt sérstaklega sem órökstuddri og vanreifaðri. Stefndi bendi á að ekkert augljóst samhengi

sé á milli nokkurrar skaðabótaskyldrar háttsemi barnaverndarnefndar F eða meints tjóns stefnenda og upphafstíma vaxta samkvæmt stefnukröfu.

Varakrafa stefnda um verulega lækkun dómkrafna sé að meginstefnu byggð á sömu sjónarmiðum og aðalkrafa um sýknu, einkum sjónarmiðum um fyrningu þar sem stefndi telji kröfur stefnenda að öllu verulegu leyti þegar hafa verið fallnar niður fyrir fyrningu þegar málið hafi verið höfðað. Þá byggi varakrafa stefnda um verulega lækkun dómkrafna stefnenda einnig á sjónarmiðum um meðábyrgð þeirra. Verði á annað borð fallist á að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni vegna einhverrar saknæmrar og ólögmatrar háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F eigi bótaskylda að takmarkast vegna eigin ábyrgðar stefnenda á tjóninu, sem eigi annars vegar að leiða til þess að fjárkröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og aðeins verði fallist á kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu að óverulegum hluta.

Ákvarðanir barnaverndarnefndar F um vistun barnanna utan heimilis hafi ekki síst verið grundvallaðar á afstöðu stefnanda A til málsins, sbr. til dæmis forsendur og niðurstöður úrskurða héraðsdóms og dóms Hæstaréttar á vormánuðum 2016. Stefndi byggi á því að stefnanda A hefði verið í lófa lagið að koma í veg fyrir það með forsvaranlegum viðbrögðum við málinu þegar það hafi komið upp og vinna að því með barnaverndarnefnd F að tryggja að hagsmunum barnanna væri ekki stefnt í hættu. Það hafi stefnandi A ekki gert eins og fram komi í gögnum málsins og því hafi meðferð málsins orðið önnur en hún hefði ella getað orðið. Þá háttsemi stefnanda A verði að mati stefnda að meta henni til sakar og fella bótarétt hennar alveg niður eða viðurkenna ella aðeins rétt hennar til bóta úr hendi stefnda að óverulegum hluta.

Hið sama telji stefndi eiga við um kröfur stefnenda fyrir hönd ólöggráða barna sinna. Í því sambandi bendi stefndi á að ákvarðanir um meðferð málsins, svo sem um vistun barnanna utan heimilis til lengri og skemmri tíma, ákvörðun um að krefjast forsjárviptingar og skipan umgengni á tímabilinu, hafi að verulegu leyti byggt á upplýsingum sem aflað hafi verið hjá börnunum sjálfum um meint kynferðisbrot stefnanda B, aðbúnað á heimilinu og afstöðu þeirra til stefnenda. Verði allt að einu talið að skilyrðum fyrir framangreindum ákvörðunum barnaverndarnefndar F við meðferð málsins hafi ekki verið fullnægt og að uppfyllt séu skilyrði fyrir miskabótakröfu stefnenda fyrir hönd barnanna sé óhjákvæmilegt að sök verði skipt og réttur stefnenda til bóta fyrir hönd barnanna verði skertur vegna meðábyrgðar, enda hafi börnin tekið virkan þátt í atburðarás málsins og gera verði ráð fyrir að þeim, einkum stúlkunni, hafi mátt vera

ljóst að frásögn þeirra hefði einhvers konar afleiðingar í för með sér í málinu þótt sambærilegar kröfur verði ekki gerðar til þeirra og fullorðinna.

Framangreindu til stuðnings vísar stefndi til almennra meginreglna einkamála-réttarfars um skýran og ljósan málatilbúnað, sem endurspeglar m.a. í e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, skilyrði 2. mgr. 25. gr. sömu laga fyrir höfðun viðurkenningarmáls og reglu 116. gr. laganna um skuldbindingar- og sönnunargildi dóma í einkamálum. Þá vísar stefndi til meginreglna skaðabótaréttarins, einkum sakar-reglunnar, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og reglunnar um meðábyrgð tjónþola. Til stuðnings kröfu sinni um málskostnað vísar stefndi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### IV.

##### *Niðurstaða*

Í máli þessu krefst stefnandi A annars vegar miskabóta úr hendi stefnda að fjárhæð 90.000.000 króna á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 ásamt nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum og hins vegar viðurkenningar á bótaábyrgð stefnda á tjóni sem hún hafi orðið fyrir á tímabilinu frá 26. október 2015 til 12. maí 2023 við vistun barna hennar utan heimilis. Þá krefjast stefnendur fyrir hönd ólöggráða barna sinna hvors um sig miskabóta úr hendi stefnda að fjárhæð 90.000.000 króna á grundvelli sama lagaákvæðis ásamt nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum. Skilja verður málatilbúnað stefnenda á þann veg að þau byggja á því að starfsmenn barnaverndarnefndar (nú barnaverndarþjónustu) F hafi við meðferð máls barna þeirra sýnt af sér saknæma og ólögsmæta háttsemi sem valdið hafi stefnanda A fjártjóni og bæði henni og börnum stefnenda miska. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og til vara verulegrar lækkunar á fjárhæð umkrafinna miskabóta og þess að bótaábyrgð stefnda verði einungis viðurkennd að hluta vegna meðábyrgðar stefnanda A.

#### A.

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan liggur fyrir nokkur fjöldi dómsúrlausna um ráðstafanir barnaverndarnefndar F undir meðferð máls barna stefnenda hjá nefndinni, dómur Hæstaréttar þar sem stefnendur voru svipt forsjá beggja barna sem og dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli stefnenda gegn íslenska ríkinu. Að mati dómsins koma þessar dómsúrlausnir ekki í veg fyrir að dómurinn taki framangreindar kröfur stefnenda til efnismeðferðar eins og stefndi virðast öðrum þræði byggja á enda sjálfstætt úrlausnarefni sem ekki var leyst úr í umræddum málum hvort starfsmenn barnaverndarnefndar F hafi á einhvern hátt sýnt af sér saknæma og ólögsmæta

háttsemi sem valdið hafi stefnanda A varanlegu tjóni og bæði henni og börnum stefnenda miska. Þvert á móti lutu þessar dómsúrlausnir annars vegar að vistun barna stefnenda utan heimilis og skipan forsjár þeirra eins og málin lágu fyrir dómi hverju sinni og hins vegar að því hvort með dómi Hæstaréttar þar sem stefnendur voru svipt forsjá beggja barna hafi verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá verður ekki fram hjá því litið að í forsendum dóma á öllum dómstigum í því máli sem lauk með umræddum dómi Hæstaréttar voru gerðar umtalsverðar athugasemdir við málsmeðferð barnaverndarnefndar F í máli barnanna þótt þeir ágallar á stjórnslumeðferð þess hafi eins og málið lá fyrir Hæstarétti ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

## B.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. gr. stjórnarskrárinnar eiga allir rétt til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis. Þann rétt má eingöngu skerða með lögum og ef brýna nauðsyn ber til samkvæmt 3. mgr. sömu greinar. Hliðstætt ákvæði er í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá ber einnig að geta 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, þar sem segir m.a. að barn eigi eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Þessar grundvallarreglur verður að virða með hliðsjón af 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Með vísan til fyrrgreindrar takmörkunar sem fram kemur í 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar verður friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis að víkja þegar velferð barns er í húfi, enda fái inngríp yfirvalda stoð í barnaverndarlögum nr. 80/2002 og þess gætt að ekki sé gengið lengra við þá takmörkun en nauðsyn krefur.

Í 4. gr. barnaverndarlaga er fjallað um meginreglur barnaverndarstarfs sem ber að leggja til grundvallar við beitingu og túlkun laganna. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar skal í barnaverndarstarfi beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu og skulu hagsmunir barna ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Þá á barn samkvæmt 2. mgr. rétt til þátttöku í málum er það varða á grundvelli laganna og barni sem getur myndað sér eigin skoðanir ber að tryggja rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls. Í 2. mgr. segir jafnframt að þegar teknar séu ákvarðanir á grundvelli laganna skuli taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska. Samkvæmt 4. mgr. umræddrar greinar skulu barnaverndaryfirvöld svo leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim

fyllstu nærgætni og virðingu. Þá skulu barnaverndaryfirvöld samkvæmt 7. mgr. eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þar segir jafnframt að þau skuli ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Í V. kafla barnaverndarlaga er fjallað um upphaf barnaverndarmáls. Þar segir í 21. gr. að þegar barnaverndarþjónusta (áður barnaverndarnefnd) fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra eða eigin hegðunar þess eða að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr., skuli hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. Telst barnaverndarmál hafið þegar tekin hefur verið formleg ákvörðun um að hefja könnun en það skal ekki gert nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Markmið slíkrar könnunar er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laganna, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns, eins og segir í 1. mgr. 22. gr. Þar segir einnig að kappkosta skuli að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Þá segir þar að leita skuli aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefji.

Fjallað er um ráðstafanir barnaverndaryfirvalda í VI. kafla barnaverndarlaga. Þar segir í 23. gr. að þegar mál hafi verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefndar) skuli taka saman greinargerð þar sem lýst sé niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Leiði könnun í ljós að þörf sé á því að beita sérstökum úrræðum samkvæmt lögnum skuli í samvinnu við foreldra, en ella einhliða, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum, sbr. 2. og 4. mgr. umræddrar greinar. Í næstu ákvæðum laganna er lýst tilteknum úrræðum sem beita má í þessu skyni ýmist með samþykki foreldra eða án þess að það liggi fyrir. Er þar ýmist um að ræða úrræði sem miða við að barn búi áfram á heimili sínu, sbr. 24. og 26. gr., eða úrræði sem lúta að ráðstöfun barns í fóstur og tímabundinni vistun utan heimilis, sbr. 25.,

27. og 28. gr., auk forsjárviptingar, sbr. 29. gr. Miða umrædd ákvæði við að eingöngu skuli beita úrræðum án samþykkis foreldra hafi úrræði með samþykki þeirra ekki skilað árangri að mati barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefndar) eða þau talin ófullnægjandi. Þá er í 34. gr. laganna mælt fyrir um endurskoðun ráðstafana þegar samþykki til þeirra hefur verið afturkallað eða til þeirra hefur verið gripið án samþykkis. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar getur foreldri sem svipt hefur verið forsjá samkvæmt 29. gr. eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu um það fyrir dómi að foreldri verði falin forsjá barns að nýju. Í 3. mgr. kemur svo fram að slík krafa verði aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag þess og þörfum. Þá segir að slíka kröfu sé eingöngu hægt að gera að liðnum tólf mánuðum hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

Í VIII. kafla barnaverndarlaga er fjallað um málsmeðferð barnaverndarmála. Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 um meðferð barnaverndarmála með þeim frávikum sem í lögnum greinir. Þar eru ýmsar málsmeðferðarreglur stjórnisýsluréttar svo áréttáðar, svo sem um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, rannsóknarreglan, málshraðareglan og andmælareglan, auk þess sem meðalhófsreglan er áréttuð í ákvæðum annarra kafla laganna, sbr. 7. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 29. gr. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laganna skal barnaverndarþjónusta (áður barnaverndarnefnd) sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. sömu greinar skal könnun barnaverndarmáls ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Í athugasemdum við 41. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2002 kemur fram að í ákvæði 1. mgr. felist að barnaverndarnefnd skuli að eigin frumkvæði tryggja að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin þótt ekki verði settar fram nákvæmar reglur um það hvernig staðið skuli að könnun máls og hvaða gagna skuli aflað. Sé það breytilegt eftir eðli máls hverju sinni. Þá kemur fram að með ákvæði 2. mgr. sé lögð áhersla á að barnaverndarnefnd gangi ekki lengra í gagnaöflun og könnun máls en nauðsynlegt sé hverju sinni og noti ekki harkalegri aðferðir að því leytir en efni standi til. Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. sömu laga ber barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefnd) svo að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en hún höfðar mál til sviptingar forsjár samkvæmt 29. gr. laganna. Í athugasemdum við 56. gr. í áður nefndri greinargerð kemur fram að með

ákvæði 1. mgr. sé m.a. lögð áhersla á að barnaverndarnefnd sé ekki að höfða mál nema eftir ítarlegan undirbúning og að vandlega athuguðu máli.

### C.

Skilja verður málatilbúnað stefnenda á þann veg að þau byggji á því að íhlutun barnaverndarnefndar F í málefni fjölskyldu þeirra hafi allt frá upphafi haustið 2015 og þar til börnin sneru aftur í umsjá þeirra vorið 2023 verið saknæm og ólögmæt. Þá hafi lög og málsmeðferðarreglur ítrekað verið brotin við meðferð málsins, auk þess sem ekki hafi verið brugðist við þegar börnin hafi lýst því að þeim liði ekki vel á heimili H og I þar sem þau hafi þurft að þola illa og vanvirðandi meðferð og starfsmenn nefndarinnar þannig sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi.

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan hófst barnaverndarmál fjölskyldunnar þegar dóttir stefnenda lýsti í viðtali hjá sérkennslufulltrúa grunnskóla G ætluðum kynferðisbrotum stefnanda B gagnvart henni. Viðkomandi sérkennslufulltrúi tilkynnti málið samdægurs til barnaverndarnefndar F sem hafði samband við Barnahús og lögreglu. Þegar fyrir liggur grunur um misnotkun á barni þarf að tryggja að rannsókn slíks máls hafi eðlilegan framgang. Þá er eðlilegt að gripið sé til ráðstafana til að tryggja að barn sé ekki í samskiptum við meintan geranda. Að mati dómsins voru framangreind viðbrögð barnaverndarnefndar sem og þær ráðstafanir sem í beinu framhaldi var gripið til því fyllilega í samræmi við þær skyldur sem á barnaverndaryfirvöldum hvíla lögum samkvæmt og gengu á engan hátt lengra en efni stóðu til eins og atvikum var háttað. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á að íhlutun barnaverndarnefndar í málefni fjölskyldu stefnenda hafi allt frá upphafi verið saknæm og ólögmæt.

Svo sem gerð er grein fyrir í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan var bent á ýmsa ágalla á málsmeðferð barnaverndarnefndar F í máli fjölskyldu stefnenda í forsendum dóma á öllum dómstigum í því forsjáarsviptingarmáli sem höfðað var gegn þeim. Því máli lauk svo sem þar greinir með dómi Hæstaréttar þar sem þau voru, þrátt fyrir ágalla á stjórnslumeðferð þess, svipt forsjá beggja barna. Af þeim dómi Hæstaréttar og öðrum þeim gögnum sem liggja frammi í þessu máli verður ekki annað ráðið en að ráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar F hafi þrátt fyrir umrædda ágalla verið gerðar að athuguðu máli og á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og ekki gengið lengra en efni stóðu til eins og málið lá fyrir nefndinni hverju sinni, ekki síst með hliðsjón af afdráttarlausri viljaafstöðu barnanna sem þau ítrekuðu í öllum þeim tilvikum sem við þau var rætt. Þannig er ekkert sem bendir til annars en að þær ráðstafanir sem beitt var

hverju sinni hafi verið með það að leiðarljósi hvað væri börnum stefnenda fyrir bestu og að hagsmunir þeirra hafi ávallt verið í fyrirrúmi í samræmi við þær meginreglur sem að framan eru raktar. Verður því ekki á það fallist að þær ráðstafanir sem beitt var frá einum tíma til annars við meðferð málsins hafi sem slíkar verið saknæmar og ólögmætar eða að fyrrnefndir ágallar á stjórnslumeðferð málsins leiði einir og sér til þess að svo hafi verið. Þá bera gögn málsins með sér að starfsmenn barnaverndarnefndar F hafi allan þann tíma sem börnin voru vistuð á heimili H og I viðhaft viðeigandi eftirlit með vistuninni og því ekkert fram komið um að starfsmennirnir hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi að því leyti. Þá er ekkert er fram komið um að börnin hafi þurft að þola illa og vanvirðandi meðferð á meðan á vistun þeirra stóð. Raunar bera bæði framlögð gögn og það sem fram kom við skýrslutökur fyrir dómi ótvírætt vott um hið gagnstæða.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að af gögnum málsins og því sem fram kom við skýrslutökur fyrir dómi má ráða að engin breyting varð á meðferð máls fjölskyldu stefnenda hjá barnaverndarnefnd F eftir að stefnandi B var sýknaður af öllum sakargiftum með dómi Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember 2017. Bera raunar gögn málsins ótvírætt með sér að þeir starfsmenn sem að máli fjölskyldunnar komu töldu dóminn engu skipta um nauðsyn eða eðli áframhaldandi afskipta af málefnum hennar. Virðist sú afstaða hafa mótast af sannfæringu starfsmanna nefndarinnar um að stefnandi hefði brotið gegn börnunum þótt hann hefði verið sýknaður af sakargiftum þar um. Þessi afstaða samrýmist illa þeim sjónarmiðum sem ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eru reist á, en þar er kveðið á um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Að mati dómsins gaf því sýkna stefnanda B af öllum sakargiftum, ekki síst með hliðsjón af þeim forsendum sem sú niðurstaða var reist á, barnaverndarnefnd F fullt tilefni til að rannsaka mál fjölskyldunnar frekar og að undangenginni frekari rannsókn eftir atvikum endurskoða þann farveg sem það var í að einhverju eða öllu leyti. Var í því sambandi að mati dómsins til að mynda tilefni til að leita til sérfræðinga um að vinna með börnunum gagnert í því skyni að greina frekar þann ótta sem þau höfðu lýst við stefnanda B og af hverju hann stafaði, greina frekar þá viljaafstöðu sem þau höfðu ítrekað lýst og á hverju hún byggðist sem og að kanna að öðru leyti til hlítar hvort forsendur væru til að sameina fjölskylduna á ný, eftir atvikum með viðeigandi stuðningsúrreðum. Af gögnum málsins má hins vegar ráða að engin frekari rannsókn fór fram af þessu tilefni.

Þá voru stefnendur, líkt og greinir í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan, sýknuð af kröfu barnaverndarnefndar F um forsjársviptingu með dómi Landsréttar í málinu. Í framhaldi af þeim dómi var gerð áætlun um meðferð máls með það fyrir augum að aðlaga börnin að heimili stefnanda A til að byrja með og L félags- og fjölskylduráðgjafi fengin til aðstoðar í því skyni. Þá kemur fram í umræddri áætlun að ráðgert sé að fá viðtöl fyrir stúlkuna hjá sálfræðingi í því skyni að greina þann ótta sem hún hafi lýst við stefnanda B og byggja upp traust hennar til stefnanda A. Gögn málsins bera ekki með sér að það hafi verið gert. Í málinu liggja hins vegar fyrir tvær áætlanir L um aðlögun barnanna að heimili stefnanda A. Í þeim báðum er lýst fyrirkomulagi umgengni og í þeirri síðari er því samandregið lýst að sú umgengni sem fram hafi farið hafi gengið vel. L gaf aukinheldur skýrslu fyrir dómi og bar að svo hefði verið. Eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar var þeirri vinnu sem hafin var þegar í stað hætt og af gögnum málsins verður ekki ráðið að börnin hafi farið aftur í umgengni til stefnanda A fyrir en eftir að barnaverndarnefnd F úrskurðaði um umgengni tæpum tíu mánuðum síðar. Í ljósi þess að forsjársvipting getur sætt endurskoðun á þeim grundvelli sem að framan er lýst hefði að mati dómsins verið fullt tilefni til að halda umræddri vinnu áfram þrátt fyrir dóm Hæstaréttar í ljósi þess að vel hafði gengið og að gættum atvikum þessa máls að öðru leyti og kanna með því til hlítar hvort forsendur væru til að sameina fjölskylduna á ný.

Þau ákvæði barnaverndarlaga, stjórnarskrár og alþjóðlegra sáttmála sem að framan er gerð grein fyrir eru reist á því að á milli foreldris og barns séu tengsl sem njóta skuli lagaverndar. Gengið er út frá því að almennt þjóni það hagsmunum barns að leiðað sé leiða til að barn og foreldri þess geti verið saman og þannig myndað fjölskyldutengsl eða til að efla og rækta þau tengsl sem fyrir eru. Af barnaverndarlögum og þeim meginreglum sem þau eru reist á leiðir að ávallt beri að velja þann kost að barn verði áfram hjá foreldri nema í ljós sé leitt að það samræmist ekki hagsmunum barnsins. Leiðir af þessum meginreglum, sem og ákvæði 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, ríkar skyldur barnaverndaryfirvalda til að kanna til hlítar hvort grundvöllur sé til þess að halda fjölskyldum saman, eftir atvikum með viðeigandi stuðningsúrræðum barnaverndaryfirvalda ef talið er að skorti á forsjárhæfni foreldra. Að því gættu er að mati dómsins óhjákvæmilegt annað en að líta svo á starfsmenn barnaverndarnefndar F hafi með sagnæmum og ólögætum hætti vanrækt þær ríku skyldur sem á þeim hvíla að þessu leyti með því að kanna ekki til hlítar hvort unnt væri að sameina fjölskylduna eftir að stefnandi B var

sýknaður af öllum sakargiftum sem og með því að hætta þegar í stað þeirri vinnu sem hafin var í því skyni þegar dómur Hæstaréttar féll. Hvort tveggja leiddi ótvírætt til þess að fjölskyldan var sundruð lengur en ella enda bera gögn málsins afdráttarlaust með sér að eftir því sem umgengni barnanna við stefnanda A jókst hafi viljaafstaða þeirra, sem hafði verulega þýðingu við alla meðferð málsins bæði á stjórnisýslustigi og fyrir dómi, breyst.

#### D.

Stefnandi A og stefnendur sameiginlega fyrir hönd barna sinna hvors um sig krefjast sem fyrr greinir miskabóta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt því lagaákvæði er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Í athugasemdum við umrætt ákvæði í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1993 kemur fram að í skilyrði þess um ólögmæta meingerð felist að um saknæma hegðun sé að ræða. Jafnframt felist í því að gáleysi myndi þurfa að vera verulegt til þess að tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja að sú saknæma og ólögmæta háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F sem þar er lýst hafi verið verulega gálaus með hliðsjón af þeim mikilsverðu hagsmunum sem í húfi voru fyrir stefnanda A og börn stefnenda og þar með falið í sér ólögmæta meingerð gegn þeim í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Eiga þau því rétt á miskabótum úr hendi stefnda og eru kröfur þeirra að því leyti ófyrndar enda var fjölskylda stefnenda ekki sameinuð fyrir en í maí 2023.

Ekki verður á það fallist með stefnendum að þær aðstæður sem uppi eru í þessu máli séu sambærilegar og þegar maður hefur saklaus hlotið dóm í refsímáli og að forsendur standi til þess að líta til dóma í slíkum málum við mat á fjárhæð miskabóta. Slík mál eru í eðli sínu ólík þessu máli og því ekki tæk sem fordæmi um fjárhæð miskabóta. Við mat á fjárhæð miskabóta til stefnanda A og barna stefnenda verður að líta til þess að sú saknæma og ólögmæta háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F sem að framan er lýst varð að mati dómsins ótvírætt til þess að fjölskylda þeirra var sundruð lengur en ella sem óhjákvæmilega hafði í för með sér verulega tilfinningaröskun og sálartjón fyrir þau öll. Eðli máls samkvæmt er þó ekki hægt að fullyrða nákvæmlega hversu miklu lengur. Að öllu gættu þykja því miskabætur til stefnanda A og barna stefnenda hæfilega ákveðnar 5.000.000 króna til hvers þeirra um sig og ekki efni til að gera greinarmun á miska þeirra að því leyti.

## E.

Stefnandi A krefst einnig viðurkenningar á bótaábyrgð stefnda á varanlegu tjóni sem hún hafi orðið fyrir á tímabilinu frá 26. október 2015 til 12. maí 2023 við vistun barna hennar utan heimilis. Skilja verður málatilbúnað stefnanda A þannig að með því sé leitað viðurkenningar á bótaábyrgð stefnda á varanlegum miska og örorku, þ.e. varanlegum missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna, í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 4. og 5. gr. sömu laga.

Kröfu sinni að þessu leyti til stuðnings vísar stefnandi A til þess að hún hafi í nærfeilt átta ár ekki notið friðhelgi einkalífs á heimili sínu með tilheyrandi andlegri vanlíðan og afleiðingum fyrir líðan hennar og heilsu. Það hafi leitt til þess að hún hafi með öllu tapað starfsgetu sinni, í öllu falli tímabundið, og þurft á starfsendurhæfingu að halda. Samkvæmt örorkumati búi hún við skerta vinnufærni, einbeitingarskort og önnur kvíðaeinkenni. Þá segir svo í stefnu: „Skilyrði fyrir sönnun tjóns með viðurkenningar-kröfu í dómsmáli eru augljóslega uppfyllt. Miski stefnanda og heilsutjón er augljóst og yfirmáta sem og vinnutap stefnandans og annar kostnaður sem þau hafa haft að málum þessum.“

Þau gögn sem stefnandi A hefur lagt fram umræddri kröfu sinni til stuðnings eru annars vegar tvö vottorð Q sálfræðings, dagsett 17. september 2018 og 13. maí 2024, og hins vegar vottorð R sálfræðings, dagsett 18. júní 2024. Í vottorðum Q er því lýst að stefnandi A hafi sótt meðferðarviðtöl hjá henni á árunum 2010–2020. Þá er þar lýst þeim andlegu áhrifum sem meðferð máls fjölskyldunnar hjá barnaverndarnefnd F og önnur áföll sem riðu yfir á sama tíma höfðu á hana. Í vottorði R er því lýst að stefnandi A hafi sótt meðferðarviðtöl hjá henni frá árinu 2017. Þá er þar lýst þeim andlegu áhrifum sem meðferð framangreinds máls hafði á hana og þeim sársauka sem fylgdi því að hafa ekki börnin hjá sér.

Umfram framangreint hafa engin gögn verið lögð fram til stuðnings umræddri kröfu. Þannig liggur ekkert fyrir um að stefnandi A hafi orðið fyrir varanlegum miska eða varanlegri örorku í skilningi framangreindra ákvæða laga nr. 50/1993 né heldur um það hvernig ætlað tjón hennar að því leyti verði rakið til þeirrar háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar F sem samkvæmt framansögðu var að mati dómsins saknæm og ólögmæt. Hefur stefnandi A því að mati dómsins ekki leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir varanlegu tjóni í umræddum skilningi sem stefndi beri ábyrgð á og verður hann þegar af þeirri ástæðu sýknaður af viðurkenningarkröfu hennar þar að lútandi. Að

Því gættu er ekki þörf á að taka afstöðu til annarra málsástæðna stefnda viðvíkjandi þeirri kröfu.

F.

Samkvæmt öllu framansögðu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda A sjálfri miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna og stefnendum sameiginlega fyrir hönd hvors barns þeirra um sig miskabætur að sömu fjárhæð. Að virtri niðurstöðu dómsins að öðru leyti verður ekki á það fallist að dæmdar miskabætur beri vexti frá umkröfðu tímamarki. Rétt þykir hins vegar að þær beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því mál þetta var höfðað, sbr. 9. gr. sömu laga.

Eftir þessum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað sem þykir með hliðsjón af eðli og umfangi máls hæfilega ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveða upp Hulda Árnadóttir héraðsdómari, sem dómsformaður, Jónas Jóhannsson héraðsdómari og Þorgeir Magnússon sálfræðingur.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, E, greiði stefnanda, A, 5.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum, A og B, fyrir hönd ólögráða dóttur þeirra, C, 5.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum fyrir hönd ólögráða sonar þeirra, D, 5.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. desember 2023 til greiðsludags.

Stefndi er sýknaður af kröfu stefnanda, A, um að viðurkennd verði með dómi ábyrgð stefnda á varanlegu tjóni sem stefnandi varð fyrir á tímabilinu 26. október 2015 til 12. maí 2023 við vistun barna hennar utan heimilis.

Stefndi greiði stefnendum 3.000.000 króna í málskostnað.

Hulda Árnadóttir

Jónas Jóhannsson  
Þorgeir Magnússon